

Réttarfarsnefnd

Reykjavík, 19. febrúar 2004.

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík.

Réttarfarsnefnd vísar til bréf allsherjarnefndar Alþingis 5. febrúar sl., þar sem leitað var umsagnar um frumvarp til laga um breyting á lögum um lögmenn nr. 77/1998 með síðari breytingum, 463. mál. Hér á eftir fer umsögn réttarfarsnefndar um þau ákvæði frumvarpsins, sem hún telur ástæðu til að gera athugasemdir við.

Um 3. gr. Með greininni eru lagðar til breytingar á reglum um úrskurðarnefnd lögmanna, sem starfar í tengslum við Lögmannafélag Íslands (LMFÍ). Felast þær aðallega í því að fækkað verði í nefndinni úr fimm mönnum í þrjá þannig að annar þeirra, sem LMFÍ kys nú, og sá, sem tilnefndur er af Dómarafélagi Íslands, falli út, svo og að skipunartími hvers nefndarmanns styttest úr fimm árum í þrjú. Tillaga um fækkun í nefndinni sýnist styðjast við gild rök, en réttarfarsnefnd telur eðlilegra vegna sjálfstæðis nefndarinnar að sá fulltrúi, sem tilnefndur er af ráðherra, falli út en ekki sá, sem Dómarafélag Íslands tilnefnir. Réttarfarsnefnd er sammála tillögu um að stytta skipunartíma í nefndina úr fimm árum í þrjú.

Um 4. gr. Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að breytt verði reglum um skilyrði til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður. Í a. lið er lögð til breyting á menntunarskilyrðum samkvæmt nágildandi 4. tölulið 1. mgr. 6. gr. laganna, en þessi tillaga tengist fjölgun þeirra menntastofnana, sem hafa heimild til að útskrifa lögfræðinga. Tillagan er sú sama og lögð var fyrir Alþingi á liðnu vori, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Réttarfarsnefnd sér ekki ástæðu til að tjá sig sérstaklega um hana. Í b. lið er lagt til að nýr töluliður bætist við 1. mgr. 6. gr. og verði 5. töluliður málsgreinarinnar. Með því ákvæði frumvarpsins er ráðgert að bætt verði við því skilyrði til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður að viðkomandi hafi að baki 6 mánaða starf sem fulltrúi lögmans eða 12 mánaða starf við einhverja af tilgreindum stofnunum ríkisins. Sú eina skýring er gefin á þessu í athugasemdum við frumvarpið að reynslan hafi sýnt að nauðsynlegt sé að menn hafi öðlast nokkra starfsreynslu áður en þeir fái lögmansréttindi. Réttarfarsnefnd sér engan veginn hvað réttlætt gæti þessa breytingu, sem myndi leiða til þess að lögfræðingar yrðu að verða sér úti um tiltekin störf til að geta fengið aðgang að prófraun til að öðlast málflutningsréttindi. Um önnur atriði 4. gr. hefur nefndin ekkert fram að færa.

Um 5. gr. Í upphafsorðum b. liðar er ráðgert að áréttað verði í 2. mgr. 7. gr. laganna að sá, sem óskar eftir að þreyta prófraun til að öðlast lögmansréttindi fyrir héraðsdómi, skuli áður hafa hlotið starfsreynslu. Um það visast til þess, sem áður var sagt, og er lagt til að þessi málslíður falli út.

Um 6. gr. Í þessari grein er lagt til að breytt verði reglum um skilyrði til að öðlast réttindi til að vera hæstaréttarlögmaður. Í nágildandi 3. tölulið 1. mgr. 9. gr. laganna er það skilyrði sett að umsækjandi hafi flutt ekki færri en 30 mál munnlega fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli. Er í frumvarpinu lagt til að þessum málum verði fjölgað í 40 og því jafnframt bætt við að af þeim þurfi minnst að vera 10 einkamál, „sem fullnægja skilyrðum um áfrýjun til Hæstaréttar eða fengið hafa leyfi Hæstaréttar

til áfrýjunar“. Þá skal umsækjandi samkvæmt 4. tölulið 1. mgr. 9. gr. gildandi laga sýna fram á með prófraun, sem felst í flutningi tveggja mála fyrir Hæstarétti, að hann sé hæfur til að öðlast réttindin. Er nú lagt til að prófmálin verði fjögur og að þau verði flutt „í Hæstarétti fyrir fimm eða sjö dómurum“, en af þeim séu a.m.k. tvö einkamál. Sá, sem vilji þreyta prófraun, skuli tilkynna Hæstarétti þá ósk sína, en ekki yrði þá sótt um heimild til að flytja mál í þessu skyni til prófnefndar, svo sem nú er.

Að því er varðar tillöguna um breytingu á 3. tölulið er ekki skýrt hvað liggi að baki því að lögmaður þurfi að hafa flutt a.m.k. 10 einkamál, sem fullnægi skilyrðum um áfrýjun til Hæstaréttar. Þótt kröfufjárhæð sé nógu há til að mál geti sætt áfrýjun til Hæstaréttar segir það eitt í raun ekki neitt um hvernig reynt hafi á færni lögmannsins við rekstur málsins eða þekkingu hans á lögfræði. Er því vandséð hvaða tilgangi regla þessa efnis ætti að þjóna. Að því er varðar 4. tölulið er lagt til að nokkrum atriðum verði breytt, en veigamest er sú tillaga að prófnefnd hæstaréttarlögmanna verði lögð niður og í staðinn komi sú viðmiðun ein að mál sé flutt fyrir 5 eða 7 dómurum Hæstaréttar. Með þessu er lagt til að mjög verði slakað á þeim skilyrðum, sem nú gilda og gilt hafa í áratugi um það að geta öðlast þessi réttindi. Að því leyti er með frumvarpinu stefnt í þveröfuga átt miðað við skilyrði til að öðlast réttindi til að verða héraðsdómslögmaður og áður var vikið að. Það fyrirkomulag, að meta sérstaklega hvort mál sé hæft til að vera prófmál fyrir Hæstarétti, hefur lengi verið við lýði hér á landi. Sú eina skýring er gefin á tillögunni í athugasemdum með frumvarpinu að með henni sé verið að jafna aðgang lögmanna að hæstaréttarlögmannsréttindum. Að mati réttarfarsnefndar getur sú viðmiðun að mál sé dæmt af 5 eða 7 dómurum ekki komið í stað sjálfstæðs mats prófnefndar á því hvort mál standi undir því að teljast hæft sem prófmál, en mál getur verið flutt fyrir 5 dómurum Hæstaréttar þótt það sé ekki flókið, en er vegna annarra sjónarmiða, svo sem efnissviðs máls, ekki flutt fyrir 3 dómurum. Í ljósi framangreinds er meirihluti réttarfarsnefndar með öllu andsnúinn þeim breytingum, sem lagt er til að verði gerðar á 3. og 4. tölulið 1. mgr. 9. gr. laganna, en einn nefndarmaður lýsir sig á hinn bóginn sammála þeirri tillögu, sem fram kemur í frumvarpinu um breytingu á 4. tölulið ákvæðisins.

Um 7. gr. Í lok 1. málsliðar 4. mgr. eru með öllu óþörf orðin „og í málum sem varða hagsmuni þeirra“. Er lagt til að þau verði felld brott.

Samkvæmt 6. mgr. þessarar greinar frumvarpsins skal lögmaður, sem annars fullnægir ekki skyldum, sem um getur í 1. mgr., leggja réttindi sin inn til dómsmálaráðuneytisins og skulu þau þá „lýst óvirk“. Samkvæmt gildandi lögum er aðeins notað eitt hugtak um það þegar lögmannsréttindi líða undir lok, þ.e. að þau séu „felld niður“ ef þau eiga ekki lengur að halda gildi sínu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að mörg hugtök verði eftirleiðis notuð um þetta sama atriði, sbr. t.d. 12. gr., þar sem rætt er um „sviptingu“ réttinda, að þau séu „felld niður“, þau „falli sjálfkrafa niður“ eða eru „lýst óvirk“. Þá sýnist gert ráð fyrir að svipting geti verið tímabundin eða varanleg og það sama eigi við ef réttindin eru felld niður. Margir valkostir koma þannig til álita ef fella á réttindin úr gildi. Þetta gæti leitt af sér að margvíslegar og algerlega óþarfar flækjur og álitaefni í framkvæmd. Að mati réttarfarsnefndar yrði mjög til hins verra að gera breytingar í þá átt, sem gert er ráð fyrir í þessari grein frumvarpsins, en jafnframt á þetta við um sambærilega hugtakanotkun í 9., 10., 11. og 12. gr. þess.

Um 8. gr. Hér er lagt til að breytt verði nokkrum ákvæðum í 13. gr. laganna um eftirlit LMFÍ með félagsmönnum sínum. Er þar fyrst að nefna að í lokamálslið 2. mgr. er lagt til að ef stjórn félagsins ákveður að fela endurskoðanda þess að rannsaka fjárreiður lögmanns sé því heimilt að krefja lögmanninn um greiðslu kostnaðar við rannsóknina. Hér ber að líta til þess að lögmonnum er skylt að vera í LMFÍ og greiða

gjald til að standa straum af kostnaði við rekstur félagsins, þar á meðal vegna eftirlits með félagsmönnum. Verður að telja óeðlilegt að kostnaði við eftirlitið verði velt yfir á félagsmann, jafnvel þótt niðurstaða rannsóknar sýni að allt sé í stakasta lagi hjá honum. Almennt hlýtur félagið að þurfa að standa undir slíkum kostnaði. Heimild til að krefja félagsmann um greiðslu, svo sem lagt er til, ætti hvað sem öðru líður ekki að ná lengra en til þeirra aðstæðna að um yfirgripsmikla rannsókn sé að ræða, sem leiði í ljós misfellur.

Efni 4. mgr. sömu greinar frumvarpsins er nýmæli, en þar segir að verði lögmaður sviptur sjálfræði eða fjárræði falli réttindi hans þegar sjálfkrafa niður. Sama eigi við ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, en þá skuli skiptastjóri í þrotabúinu tilkynna það dómsmálaráðuneytinu svo fljótt sem verða megi. Við þessar aðstæður virðist vera gert ráð fyrir sjálfvirku brottfalli réttindanna, sbr. orðalagið „falla réttindi hans þegar sjálfkrafa niður“. Að mati réttarfarsnefndar getur regla þessa efnis ekki fengið staðist, enda ljóst að hún gæti leitt til þess að maður í starfi lögmanns væri búinn að missa réttindi til að gegna því án þess að skjólstæðingar hans eða þeir, sem eftirlit eiga að hafa með lögmiönnum, ættu tók á að vita um það. Er þess einnig að gæta að regla af þessum toga gæti skapað veruleg vandkvæði við úrlausn um gildi þess, sem viðkomandi hefði gert í starfi eftir að hafa misst réttindi sín en áður en öðrum gæti hafa orðið kunnugt um það. Lagt er því eindregið til að þetta ákvæði verði fellt niður.

Um 17. gr. Með a. þessarar greinar frumvarpsins er lagt til að úrskurðarnefnd lögmannna verði heimilað að „taka upp hæfilegt málagjald“, sem greiða skuli þegar ágreiningsmál eða kvörtun er lögð fyrir hana. Reynist grundvöllur vera fyrir erindinu skuli endurgreiða gjaldið til málshefjanda. Hér hlýtur að vera álitaefni hvort eðlilegt sé að taka upp almennt gjald af þessum toga til LMFÍ vegna ágreinings félagsmanna þess við aðra, en rök fyrir því er ekki að finna í athugasemdum með frumvarpinu, svo sem ástæða væri til í ljósi þess að almennt er slíkt gjald ekki lagt á þegar um lögbundnar úrskurðarnefndir er að ræða. Ekki kemur heldur fram hver fjárhæð málagjaldsins skuli vera, hvert það renni eða hvort það skuli tengt endurgjaldi til úrskurðarmanna. Má ráða að svo sé ekki, enda er lagt til í síðari málsgrein b. liðar þessarar greinar frumvarpsins að heimilt sé ef sérstaklega stendur á að ákveða að málsaðilar greiði kostnað, sem hlýst af störfum nefndarinnar við mál þeirra. Skortir þannig mikið á að þessi grein frumvarpsins sé nægilega skýr, ef taka ætti reglu sem þessa upp.

Virðingarfyllst,
f.h. réttarfarsnefndar

